



Viðbrögð við vá

Fjöldahjálparstöð

Skólahús Menntaskólans að Laugarvatni er skilgreint sem fjöldahjálparstöð. Rauða kross deildir sjá um rekstur fjöldahjálparstöðva og þegar þörf er talin á að opna fjöldahjálparstöð þá er það framkvæmt af Rauða kross deildum undir stjórn almannavarnanefnda.

Meginhlutverk fjöldahjálparstöðva er að hýsa heimilislausa, veita aðstoð og upplýsingar og sameina fjölskyldur sem hafa sundrast í kjölfar hættuástands.

Fjöldahjálparstöðvar eru opnaðar á hættu- og neyðartímum til að taka á móti fólki sem þarf að yfirgefa heimili sín. Þar fer fram skráning sem miðar að því að sameina fjölskyldur auk þess sem fólk fær fæði, klæði, upplýsingar og nauðsynlega aðhlynningu.

Viðbrögð við jarðskjálfta

- Halda ró sinni.
- Gott er að: KRJÚPA - SKÝLA – HALDA.
- Ekki hlaupa út í óðagoti.
- Gæta að hlutum sem kunna að falla.
- Halda sig fjarri ofnum sem kunna að hendast út af festingum.
- Fara út um leið og tækifæri gefst.
- Aðstoða hvert annað.

Viðbragðsáætlun vegna inflúensu

Viðbragðsáætlun vegna inflúensu segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Menntaskólanum að Laugarvatni í samræmi við áætlun Almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

- [Viðbragðsáætlun vegna inflúensu](#)

Rýmingaráætlun

Spjöld sem sýna stystu flóttaleiðina út úr skólahúsinu hanga við nánast allar dyr skólans.

Rýming hússins, skv. rýmingaráætlun, er æfð eins oft og þurfa þykir.

- [Rýmingaráætlun fyrir Menntaskólann að Laugarvatni, skólahús](#)
- [Rýmingaráætlun fyrir Nös, heimavistarhús Menntaskólans að Laugarvatni](#)
- [Rýmingaráætlun fyrir Kös, heimavistarhús Menntaskólans að Laugarvatni](#)